

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Fulltrúar T lista telja það eðlilegt og í anda opinnar stjórnsýslu að atkvæðamagn á aðalfundi Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar sé í samræmi við niðurstöðu sveitarstjórnarkosninga og þá að fulltrúi T lista fari með hlutaumboð á aðalfundinum. Það er einnig vilji fulltrúa T lista að breyta samþykktum Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar á þann veg að sveitarstjórn Þingeyjarsveitar skipi stjórn Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar í stað þess að hafa þriggja manna stjórn eins og staðan er í dag. Þetta væri í takt við opið lýðræði og í samræmi við ný sveitarstjórnarlög.“

4. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 27.08.2014

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 27. ágúst s.l. Heiða gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fimm liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 28.08.2014

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 28. ágúst s.l. Hlynur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sjö liðum.

1. liður fundargerðar; Nes, stofnun nýrrar fasteignar/vegsvæðis

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast skráningu fasteignarinnar/vegsvæðisins í fasteignaskrá Þjóðskrár.

2. liður fundargerðar; Tungunes, stofnun fasteignar/vegsvæðis

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast skráningu fasteignarinnar/vegsvæðisins í fasteignaskrá Þjóðskrár.

4. liður fundargerðar; Fjósatunga í Fnjóskadal. Umsókn um að jörðin verði tekin úr landbúnaðarnotum.

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

5. liður fundargerðar; Goðafoss, umsókn um framkvæmdaleyfi Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda þegar samþykki viðkomandi aðila liggur fyrir.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðin að öðru leyti.

6. Erindi – Alþýðusamband Norðurlands

Fyrir fundinum liggur erindi frá Eiði Stefánssyni f.h.

Alþýðusambands Norðurlands þar sem óskað er eftir að það samkomulag sem gert var 5. júní 1978 við Hálshrepp (í dag Þingeyjarsveit), um afnot af landspildu til notkunar undir fjárrétt og bithaga fyrir Illugastaðarétt, verði fellt úr gildi og landið verði aftur hluti Illugastaða.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið en ítrekar að samkvæmt samningi frá 3. ágúst 1966 er hluti umrædds lands sé í eigu Þingeyjarsveitar. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Lagt fram til kynningar:

a. Fundargerð 257. fundar stjórnar Eyþings


Fleira ekki gert og fundi slitið 16:10



Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

fyrir kl. 15:00. 😊



Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa A lista.

Fulltrúar T lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Það er fyllilega ljóst að ljósleiðarvæðing sveitarfélagsins bætir lífsgæði íbúa sem og búsetuskilyrði í sveitarfélaginu og því eðlilegt að þessu máli sé haldið lifandi og unnið að því. Hins vegar teljum við að fjárhagsstaða Þingeyjarsveitar í dag sé ekki þess borin að geta farið í þessa vinnu með miklum fjáruútlátum á þessum tímamarki. Svo þarf einnig að huga verulega vel að því hvernig fyrirkomulag varðandi t.d. eignarhald á ljósleiðara innan sveitarfélagsins yrði háttað. Að þessu sögðu getum við fulltrúar T-lista samþykkt að málið fari til Atvinnuámalanefndar og skoðað þar í eðlilegum tímaramma.“

2. Tillaga starfshóps um sorphirðu í sveitarfélaginu

Sameiginlegur fundur starfshópa um sorphirðu í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit var haldinn í Kjarna 1. september 2014 og samþykktir eftirfarandi:
„Starfshóparnir leggja til við sveitarstjórnir sveitarfélaganna að auglýsa sem fyrst eftir samstarfsaðila í þróunarverkefni um sorphirðu og förgun í sveitarfélögunum.“

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að auglýsa eftir samstarfsaðilum í þróunarverkefni um sorphirðu í samvinnu við Skútustaðahrepp.

3. Aðalfundarboð Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.

Lagt fram aðalfundarboð Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf. sem haldinn verður þann

8. september n.k. í Kjarna.

Margrét lagði til að Arnór Benónýsson færi með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

Fulltrúa T lista lögðu fram breytingatillögu um að Arnór Benónýsson og Ragnar Bjarnason færu með umboð í réttu hlutfalli við fjölda fulltrúa í sveitarstjórn á fundinum.

Breytingatillagan felld með tveimur atkvæðum fulltrúum T lista gegn fimm atkvæðum fulltrúa A lista.



Fundargerð

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
04.09.2014

152. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 4. september kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Eiður Jónsson í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Ragnar Bjarnason.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Frumathugun á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu
2. Tillaga starfshóps um sorphirðu í sveitarfélaginu
3. Aðalfundarboð Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.
4. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 27.08.2014
5. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 28.08.2014
6. Erindi – Alþýðusamband Norðurlands

1. Frumathugun á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu

Gunnar B. Þórhallsson framkvæmdastjóri Tengis hf. mætti til fundarins undir þessum lið og gerði grein fyrir þeirra vinnu á frumathugun á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu, framkvæmd og kostnaði.

Oddvit lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Sveitarstjórn stefnir að því að leggja ljósleiðara um allt sveitarfélagið á næstu þrem til fimm árum og felur Atvinnumálanefnd og sveitarstjóra að vinna málið áfram og leggja sem fyrst fyrir sveitarstjórn tillögu um framhaldið.“



Leiðarþing 2014

Laugardaginn 20. september
í Hlíðarbæ Hörgársveit kl.11:00-15:30

- ▶ Viltu taka þátt í að skapa fjölbreytt menningar- og mannlíf?
- ▶ Viltu kynna nýju fólki og skemmtilegum hugmyndum?
- ▶ Ertu með hugmynd og vantar samstarfsaðila?
- ▶ Þá er Leiðarþing eitthvað fyrir þig!

Dagskrá

Fram á veginn

Arnór Benónýsson formaður Menningarráðs Eyþings

Sjálfbær framtíð í höndum ungs fólks

Ragnheiður Skúladóttir, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar

„Láttu verða af því“ (Just Do It)

Ármann Einarsson listamaður (óháður)

Hádegisverður

Aftur heim

Hildur Ása Henrysdóttir, nútímafræðingur og nemi í Listaháskóla Íslands.

Hraðstefnumót hugmynda

Stjórnandi: Kristín Sóley Björnsdóttir

Vinnustofa

Þinglok áætluð kl. 15.30

Leiðarþingið er þátttakendum að kostnaðarlausu en skráning fer fram á heimasíðu menningarráðs www.eything.is/menningarrad

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir menningarfulltrúi Eyþings sími 464 9935 eða á netfanginu menning@eything.is

Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag
15. september milli kl. 11:00 og 12:00.

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er.
Sími oddvita er 661 6292 og netfang arnor@thingeyjarsveit.is

Sveitarstjóri

Takið eftir

Hinar kyngimögnuðu styrktaræfingar **Þrek og Tár** hefjast aftur eftir sumarfrí mánudaginn 15. september.

Leiðbeinendur verða namar á íþróttabraut
Framhaldsskólans á Laugum.

Staður: Íþróttahúsið á Laugum

Æfingar verða:

Mánudaga kl. 17.00 – 18.00

Þriðjudaga kl. 17.00 – 18.00

Miðvikudaga kl. 18.30 – 19.30

Barnapössun verður á staðnum í umsjón uppeldisfræðinema meðan foreldrarnir púla.

Allir velkomnir

Framhaldsskólinn á Laugum

35.tbl.
11. sept
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Bókasafn Reykdæla

verður opið í vetur

á mánudagskvöldum kl. 20.00 - 22.00
og á fimmtudögum kl. 16.00 - 18.00

Velkomin á bókasafnið!

Bókavörður



Sími 464 3180
sept. 2014



16. september er *Dagur íslenskrar náttúru* og í tilefni af því mun Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn standa að fyrirlestri í Mývatnsstofu í Reykjahlíð, klukkan 20.30. Fyrirlesturinn nefnist:

„Náttúra í jafnvægi?“

Í honum verður fjallað um hugmyndir manna um jafnvægi í náttúrunni og hvernig þær hafa verið að breytast eftir því sem þekking okkar eykst. Tekið er dæmi af silungsveiði í Mývatni, en hún hefur breyst meira í árunna rás en flesta grunar. Skoðun á sögulegum heimildum og borkjörnum úr setlögum víkkar skilning okkar á aflbrögðum í þessu fornfræga veiðivatni.

Fyrirlesari: Dr. Árni Einarsson
Þriðjudagur 16. september kl. 20.30 í Mývatnsstofu í Reykjahlíð
Allir velkomnir, aðgangur er ókeypis.